



## **DOCTOR OECONOMIAE HONORIS CAUSA í viðskipta- og hagfræðideild**

### **Stutt ágríp um Dr. Michael E. Porter, prófessor við Harvard háskóla, byggt m.a. á upplýsingum sem er að finna á vefsetri rannsóknarstofnunar hans í Harvard.**

Michael E. Porter er í hópi virtustu prófessora Harvard háskóla. Við háskólann hefur hann 'University Professor' stöðu sem kennd er við 'Bishop William Lawrence'. Þeir sem eru 'University Professor' hafa náð eins langt og hægt er að ná í starfsferlinum innan Harvard og fengið mestu mögulegu viðurkenningu fyrir störf sín í Harvard.

Það fræðasvið sem M.E. Porter kennir sig við er stefnumótun (strategy) og áherslan er á samkeppnisyfirburði (competitiveness). Á þessu sviði hefur Porter öðlast alþjóðlega frægð og viðurkenningu, einkum fyrir þrjár af bókum hans: Competitive Strategy (1980 – endurprentuð 63x og þýdd á 19 tungumál), Competitive Advantage (1985 – endurprentuð 38x) og The Competitive Advantage of Nations (1990).

Alls hefur M.E. Porter skrifað 17 bækur og yfir 125 greinar um rannsóknir sínar. Námskeið hans um þann efnahagslega grundvöll sem fyrirtæki geta byggt stefnu sína og samkeppnisforskot á er skylda fyrir alla nemendur í Harvard í rekstrartengdu meistaranámi ('university wide') og einnig kennt í 56 öðrum skólum. Bækur hans eru notaðar í kennslu um allan heiminn. Efni frá M.E. Porter hefur verið kennt í stefnumótunar og stjórnunarnámskeiðum við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í meira en 20 ár.

M.E. Porter kemur víða við í rannsóknum sínum. Kjarninn er þó eftirfarandi: samkeppni, samkeppnisyfirburðir, samkeppnisstefna, heildarstefna, efnahagsþróun, og stefnumótun/stefnumiðuð stjórnun. Önnur svið sem nefnd eru: samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, efnahagsstofnanir, erlend fjárfesting (FDI), alþjóðavæðing, stjórnvöld og viðskiptalífið, þróun atvinnugreina, uppbygging atvinnugreina, þróun upplýsingatækni, góðgerðamál, efnahagsmál, stefnumarkandi áætlanagerð, stefnumótun fyrirtækja, tækniþróun, viðskipti og virðiskeðjan.

M.E. Porter er eftirsóttur ráðgjafi og hann þjónar bæði fyrirtækjum og stjórnvöldum víða um heim. Hann og stofnun hans við Harvard vinnur m.a. með ráðgjafafyrirtækinu Monitor. Á vefsetri Monitor má finna skýrslur eftir hann.

M.E. Porter hefur fengið mikinn fjölda viðurkenninga fyrir störf sín og framlag. Hann hefur verið sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við eftirfarandi skóla: "Stockholm School of Economics, Sweden; Erasmus University, the Netherlands; HEC (Hautes Ecoles Commerciales), France;

Universidada Tecnica de Lisboa, Portugal; Adolfo Ibanez University, Chile; INCAE, Central America; Johnson and Wales University; and Mt. Ida College.”

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Michael E. Porter með nafnbótinni doctor oecnomiae honoris causa. Sé það góðu heilli gjört og vitað.

